

Minnisblað

5. mars 2009

TNM

Efni: Varðar tillögu minnihluta efnahags- og skattanefndar um útfærslu tímabundinnar heimildar til útgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign.

Í minnisblaði þessu eru settar fram ábendingar sem teknar hafa verið saman fyrir Landssamtök lífeyrissjóða, að beiðni Efnahags- og skattanefndar Alþingis. Rétt er að taka fram að samantektin er unnin undir mikilli tímapressu og hefur ekki fengið formlega afgreiðslu á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða. Hún á hins vegar stoð í þeirri vinnu og umræðu sem áður hefur farið fram á vettvangi samtakanna. Henni er hins vegar ætlað að draga fram mikilvæg atriði sem varða hugmyndir um útfærslu sem sett er fram í breytingartillögu og nefndaráli minnihluta efnahags- og skattanefndar á 136. löggjafarþingi, sbr. þskj. 668 – 321. mál og þskj. 667 – 321. mál.

Um tillögu þess efnis að heimilt verði að ráðstafa lífeyrissparnaði að fullu til greiðslu skulda, í formi skuldabréfs útgefnu af lífeyrissjóði eða öðrum vörsluaðila lífeyrissparnaðar:

- Með þessari leið er í raun verið að gera séreignarsparnaðinn að fullu veðsetjanlegan að því marki sem einstaklingum væri heimilt að fara þessa leið.
- Það fylgir því talsvert utanumhald fyrir lífeyrissjóði, og þar með kostnaður, að fara að gefa út fjölda skuldabréfa með kröfu á séreignardeild. Sú leið er einnig mjög til þess fallin að skaða þá megin hugsun sem býr að baki kerfinu. Þ.e. að með einföldum hætti byggi sjóðfélagar sér upp séreignarsparnað sem er mikilvæg viðbót við ellilífeyri úr samtryggingardeild þegar sem og áfallalífeyrir við fráfall eða örorku. Með þessu væru réttindi í séreignarsparnaði farin að ganga kaupum og sölu. Vel má þá ímynda sér eftirmarkað með yfirgengi/afföllum. Þetta er mjög til þess fallið að eyðileggja það lífeyriskerfi sem verið er að byggja upp.
- Vandséð er með hvaða hætti slíkar greiðslur ættu að gagnast stórum hluta lánveitenda, til að mynda bönkunum. Lánveitendum sem almennt fjármagna sig stutt en lána langt í formi fasteignaveðlána. Hér verður að hafa í huga að öðru óbreyttu er séreignin ekki greidd út fyrr en við 60 ára aldur. Vandséð er að kröfuhafar myndu taka við greiðslu í formi slíks skuldabréfs sem hér um ræðir nema með afföllum.
- Því stærra skarð sem höggvið er í lífeyriskerfið þeim mun meiri byrðar er verið að færa á komandi kynslóðir þar sem þær munu þá þurfa að sjá fyrir framfærslu lífeyrisþega í meira mæli en ella.
- Í umræðu í efnahags- og skattanefnd var nefnt að víða í Evrópu væri einstaklingum heimilað að veðsetja lífeyrissparnað sinn. Gera má ráð fyrir því að hér sé verið að vísa til söfnunarlíftryggingar. Það er ekki rétt að leggja þessar leiðir að jöfnu. Margir hugsa söfnunarlíftryggingu sem fjárfestingarplan (e. investment plan) og nauðsynlegt að skoða þessa hluti mun betur áður en farið væri að draga einhverjar ályktanir af slíku

Atriði til skoðunar ef tillagan verður að lögum:

- Hvenær fer inneign inn á höfuðstól til lækkunar? Ef strax, sættir ríkisskattstjóri sig við að fá einnig skuldabréf eins og lánastofnanir? Ef ekki strax, við hvaða skattprósentu á þá að miða?
- Hver á að greiða kostnaðinn? Er sanngjarnt að aðrir sjóðfélagar þurfa að taka á sig aukinn kostnað vegna utanumhalds?
- Hver verður réttur lánastofnunarinnar til að hafna beiðni um að taka við skuldabréfi á lífeyrissjóð? (t.d. lífeyrissjóðalán á góðan skuldara með gott veð).